



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

BLAÐAMANNAFUNDUR Í LANGHOLTSSKÓLA Í DAG MÁNUDAG KL. 10.00

FORVARNARDAGURINN 2016

GOTT FORVARNARSTARF SKIPTIR SKÖPUM RAFRETTUR VARASÖM NÝJUNG

Í dag mánudaginn, 10. október 2016 kl. 10:00, verður haldinn kynningar- og blaðamannafundur í Langholtsskóla um Forvarnardaginn 2016. Á fundinn mæta auk forseta Íslands, borgarstjóri og fulltrúar þeirra samtaka og bakhjarla sem að deginum standa sem og skólastjóri og nokkrir unglingar úr Langholtsskóla.

Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti í því sem næst öllum grunnskólum landsins og er beint sérstaklega að unglingum í 9. bekk en einnig taka fjölmargir framhaldsskólar þátt í þessu verkefni. Að deginum standa forseti Íslands, Reykjavíkurborg, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Skátarnir, Ungmennafélag Íslands, Félag framhaldsskóla, Rannsóknir og greining og Samband íslenskra sveitarfélaga en Actavis er bakhjarl verkefnisins.

Með fundinum á mánudaginn verður Forvarnardagurinn kynntur. Miðvikudaginn 12. október er svo Forvarnardagurinn sjálfur haldinn í skólum og þá munu forseti Íslands, borgarstjóri, forsvarsmenn fjöldahreyfinganna og aðrir fulltrúar þeirra, sem að deginum standa, heimsækja skóla víða um land með það að markmiði að vekja ungt fólk til

umhugsunar um þær hættur sem fylgja áfengis- og vímuefnaneyslu. Rannsóknir sýna, svo ekki verður um villst, að samvera með foreldrum og fjölskyldu, og þátttaka í skipulegu frístundastarfi er áberandi meðal þeirra ungmenna sem best gengur að sniðganga áfengi og fíkniefni. Með hverju ári, sem ungt fólk dregur að prófa áfengi, lækka líkur verulega á að það ánetjist áfengi eða fíkniefnum.

Á blaðamannafundinn á mánudaginn munu mæta Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, forsvarsmenn fjöldahreyfinganna og Valur Ragnarsson, forstjóri Medis og forsvarsmáður Actavis á Íslandi.

Forvarnardagurinn er nú haldinn í ellefta sinn í grunnskólum landsins og í sjötta sinn í framhaldsskólum.

Á Forvarnardaginn ræða nemendur í skólunum um hugmyndir sínar og tillögur um æskulýðs- og íþróttastarf, fjölskyldulíf og hvaðeina sem eflt getur forvarnir. Hugmyndirnar eru svo teknar saman og settar í skýrslu sem birt er á vefsíðu dagsins, www.forvarnardagur.is. Þá gefst nemendum kostur á að taka þátt í ratleik á vefsíðum íþróttá- og ungmennasamtaka og eru þar verðlaun í boði. Upplýsingar um daginn eru einnig aðgengilegar á Fésbók (www.facebook.com/forvarnardagur).

Íslenskir unglingar hafa í raun náð frábærum árangri í baráttunni við áfengi og fíkniefni. Notkun á áfengi og tóbaki í grunnskólum hefur dregist svo mikið saman á Íslandi á tiltölulega fáum árum að eftir því er tekið víða.

En ekki má sofna á verðinum og nú hafa menn orðið varir við að notkun á rafrettum hefur aukist talsvert meðal unglunga á síðustu árum.

Rafrettur eru munnstykki sem menn nota til að soga að sér nikótín með ilmefni. Rafrettur eru skárri en sígarettur en aðeins að því leyti að þeim fylgir ekki sú tjara sem menn fá í lungun af venjulegu reyktóbaki; hins vegar er nikótínið í rafrettum alveg jafn hættulegt og jafn ávanabindandi og það nikótín sem er að finna í venjulegu tóbaki.

Mikilvægt er að horfa til eftirfarandi atriða:

- Um 26% nemenda í 10. bekk á Íslandi hafi notað rafrettur allavega einu sinni um ævina en samsvarandi hlutfall yfir hefðbundar tóbaks sígarettur er um 16%.
- Rannsóknir á rafrettum hafa gjarnan beinst að meintri gagnsemi þeirra fyrir þá, sem eru fullorðnir og vilja hætta að

reykja, en menn hafa minna skoðað heilsufarsáhrif þeirra á unglunga sem þó nota þær í vaxandi mæli.

- Nikótín er bráðhættulegt eitrefni sé það tekið í stórum skömmtum og sú hættu er fyrir hendi að sá sem notar rafrettur fái of stóran skammt af því.
- Í nýrri rannsókn er sýnt fram á að þeir unglungar sem nota rafrettur eru líklegri til að hafa einnig notað áfengi, tóbak og ólögleg fíkniefni en hinir sem aldrei hafa notað rafrettur.
- Neysla á rafrettum meðal barna og unglunga helst í hendur við auknar líkur á neyslu á öðrum vímuefnum.
- Bandarísk langtímarannsókn sýnir að þeir sem höfðu notað rafrettur voru líklegri en aðrir til að reykja sígarettur 12 mánuðum síðar.
- Þó að notkun á áfengi og tóbaki hafi farið minnkandi í framhaldsskólum undanfarin ár verður veruleg aukning á henni á fyrsta ári í framhaldsskóla og þar er sóknarfæri fyrir nemendur sem stefna að heilbrigðu og gæfuríku lífni.

10. október 2016

Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).

- *Staður:* Langholtsskóli, Holtavegi 23, 104 Reykjavík.
- *Stund:* Mánudaginn 10. október kl. 10:00.